

STAR1SB04

Búið til: Mon, 26 May 2014 13:24:36 GMT

Titill

Starfsnám á vinnustað 2

Skammstöfun

STAR1SB04

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

starfsnám

Viðfangsefni

Starfsnám á vinnustað 2

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

4

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er verklegur og fer námið fram á hinum ýmsu vinnustöðum í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Vinnan á starfsnámsstað er skipulögð í samráði við fulltrúa vinnustaðar. Starfsnámstímabilið stendur yfir alla önnina og er viðvera nemenda á starfsnámsstað einstaklingsbundin. Umsjónarmaður starfsbrautar hefur umsjón með starfsnáminu en stefnt er að því að nemendur vinni undir leiðsögn starfsmanns á vinnustað. Í áfanganum er lögð áhersla á stundvísi, vandvirkni, sjálfstæði, samvirkusemi, heiðarleika og að nemendur þekki og fari eftir vinnureglum og helstu öryggisatriðum á vinnustað.

Forkröfur

Starfsnám á vinnustað 1

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað það er að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi
- því sem nýtist til undirbúnings fyrir frekara nám
- hvernig nýta beri lærða færni með því að ræða hana við aðra nemendur og bera saman við annað sem honum finnst skipta máli, t.d. áhugamál
- hvernig hann miðlar þekkingu sinni með fjölbreyttum og skapandi hætti í samræðu við aðra nemendur með margskonar hætti

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- geta tjáð sig á skýran, ábyrgan og skapandi hátt og vera verklega sjálfbjarga í daglegu lífi
- geta beitt skapandi hugsun í öllu starfi, vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn
- hafa aflað sér þjálfunar í þeim aðferðum og verklagi sem nám á vinnustað hans krefst
- geta greint á milli mismunandi aðferða og milli mismunandi þátta í skipulagi verkferla

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hafa skýra sjálfsmynd og gera sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt

- geta átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk
- geta að hagnýtt sér þá hæfni sem hann hefur aflað sér hvort heldur sem er í frekara námi eða í daglegu lífi. Hann á að geta sýnt fram á almenna siðvitund sína og umburðarlyndi og á að hafa skilning á eigin getu
- geta miðlað þekkingu sinni og leikni á hagnýtan máta og sýnt þannig sköpunarmátt sinn, frumkvæði og hæfni til að tjá hugmyndir og skoðanir
- meta eigið vinnuframlag

Námsmat

90% Símat sem byggir á frammistöðu nemandans á starfsnámsstað og á vinnusvæði í skóla. Tekið er mið af eftirfarandi þáttum: samskiptum, frumkvæði, sjálfstæði, vinnusemi og vandvirkni. Matið gerir fulltrúi starfsnámsstaðar og/eða starfsnámskennari MTR. 10% Verkefni og/eða dagbók.

Skólar

Fyrirmynd